



Þórhildur Bergljót Jónasdóttir

MS-ritgerð: Yfirferð lyfjalista í heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 2017-2021

Höfundur: Þórhildur Bergljót Jónasdóttir fæddist þann 1. júlí 1997 og ólst upp í Bolungarvík til 18 ára aldurs þegar hún flutti með fjölskyldu sinni til Ísafjarðar. Hún gekk í Grunnskóla Bolungarvíkur í 9 ár en tók 9. og 10. bekk saman, þá lá leiðin í Menntaskólann á Ísafirði. Í stað þess að taka síðustu önnina í MÍ ákvað hún að flytja til Reykjavíkur og fara í hússtjórnarskóla þar, hún útskrifaðist því bæði sem húsmóðir og stúdent vorið 2016. Eftir útskriftirnar flutti hún til Bayreuth í Þýskalandi og var þar sem au pair hjá þýskri fjölskyldu. Þar var hún í eitt ár og flutti síðan til Reykjavíkur til að hefja nám í lyfjafræði sem hún er nú að klára.

Þórhildur hefur unnið hjá Apótekanum og Lyfjum og Heilsu síðan hún kláraði fyrsta árið í lyfjafræði og mun hún starfa þar áfram en nú sem lyfjafræðingur. Eitt sumarið vann hún þó meðfram apóteksstörfunum við verkefni hjá Berglindi Evu sem fjallaði um brjóstapekjuvefsfrumulínu sem losar nanólyfjabera af gerð utanfrumubóla.



Stuttur úrdráttur úr ritgerð: Með hækkandi aldri þjóðarinnar eykst tíðni fjölveikinda og þar með fjöllyfjanotkunar. Rannsóknir sýna að með reglulegri yfirferð lyfjalista megi koma í veg fyrir ýmiss konar vandamál tengd lyfjanotkun. Þjónustan hefur verið í boði frá árinu 2017 fyrir 60 ára og eldri og sjá heimilislæknar heilsugæslunnar um yfirferðirnar. Markmiðið með rannsókninni var að skoða hópinn sem fær úrlausnina “lyfjalisti yfirfarinn” með tilliti til samskiptaforma, aldurs og kynjaskiptingar, skoðað var hve mörg lyf væru tekin og hver þeirra væru algengust en einnig lyfjaflokkar og lyfjaskömmtnun. Samtals voru 57.543 lyfjalistar yfirfarirnar fyrir 25.146 einstaklinga yfir rannsóknartímabilið. Konur voru í meirihluta og fengu að meðaltali fleiri yfirferðir hver. Sjö form samskipta voru notuð en viðtöl voru lang algengust. Meirihluti þeirra sem fengu yfirferð voru í fjöllyfjameðferð og algengustu lyfin voru flest í ATC flokki N sem verkar á taugakerfið. Tíðni yfirferða jókst verulega eftir því sem leið á rannsóknartímabilið. Klínískir lyfjafræðingar hófu störf á heilsugæslunni í lok rannsóknartímabilsins og reikna má með því að síðan þá hafi gæði þjónustunnar aukist með aukinni þverfaglegri samvinnu.